

18-feb-2016



Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2015

Rekstur	Samstæða 2015	Samstæða 2014	Samstæða 2013	Samstæða 2012	Samstæða 2011
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	10.701,3	10.628,2	10.207,1	9.393,9	8.451,2
Aðrar tekjur	21,3	24,2	12,1	52,5	57,5
Vöru- og umbúðanotkun	(5.593,8)	(5.734,7)	(5.347,7)	(4.903,0)	(4.343,5)
Laun og tengd gjöld	(2.554,6)	(2.296,1)	(2.172,0)	(1.980,0)	(1.818,4)
Annar rekstrarkostnaður	(1.848,2)	(1.672,1)	(1.678,6)	(1.583,0)	(1.422,5)
Afskriftir	(329,8)	(312,0)	(295,1)	(288,2)	(291,6)
Rekstrarhagnaður	396,2	637,5	725,8	692,2	632,7
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,9	14,0	22,6	29,0	39,9
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(112,5)	(117,4)	(175,9)	(170,9)	731,0
Hagn. fyrir skatta	284,6	534,1	572,5	550,3	1.403,6
Tekjuskattur	(55,0)	(101,0)	(106,3)	(87,2)	(224,4)
Heildarafkoma ársins	229,6	433,1	466,2	463,1	1.179,2
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	724,4	948,1	1.006,2	973,0	905,9
Efnahagur	31.12.15	31.12.14	31.12.13	31.12.12	31.12.11
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	4.570,0	4.088,0	3.900,3	3.519,0	3.503,2
Veltufjármunir	3.397,2	3.367,0	3.120,2	2.788,5	2.392,9
Eignir	7.967,2	7.455,0	7.020,5	6.307,5	5.896,1
Eigið fé	4.189,1	3.983,8	3.578,0	3.139,7	2.710,9
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	507,2	496,0	480,7	462,9	431,7
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.178,8	2.141,0	2.302,1	2.433,1	2.394,0
Skammttímaskuldir	1.599,3	1.330,2	1.140,4	734,7	791,2
Skuldir samtals	3.778,1	3.471,2	3.442,5	3.167,8	3.185,2
Eigið fé og skuldir	7.967,2	7.455,0	7.020,5	6.307,5	5.896,1
Kennitölur					
EBITDA	726,0	949,5	1.020,9	980,4	924,3
Innra virði	8,3	8,0	7,4	6,8	6,3
Veltufjárlutfall	2,1	2,5	2,7	3,8	3,0
Eiginfjárlutfall	53%	53%	51%	50%	46%
Ársverk					
Unnin ársverk	424	409	403	420	414



Reykjavík, 18. febrúar 2016.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma ársins 2015

- **Tekjur ársins 10.701 m.kr. en 10.628 m.kr. árið 2014**
- **230 m.kr. hagnaður á árinu á móti 433 m.kr. árið áður**
- **EBITDA afkoma var 726 m.kr. en 950 m.kr. árið 2014**
- **Eigið fé 4.189 m.kr. og eiginfjárlutfall 53%**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjaráðs hf. og Holtt & Gott ehf. Slátturfélag Suðurlands keypti 50% eignarhluta í Hollu & Góðu ehf. þann 31. ágúst 2015 og er félagið hluti af samstæðunni frá þeim tíma. Hafa þarf það í huga við samanburð rekstrar- og efnahagsliða milli ára.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á árinu 2015 var 230 m.kr. skv. rekstrarreikningi. Árið áður var 433 m.kr. hagnaður. Eigið fé er 4.189 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 53%.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 10.701 m.kr. árið 2015, en 10.628 m.kr. árið áður og hækka því um tæpt 1%. Aðrar tekjur voru 21 m.kr. en 24 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 5.594 m.kr. en 5.735 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 2.555 m.kr. og hækkaði um rúm 11%, annar rekstrarkostnaður var 1.848 m.kr. og hækkaði um tæp 11%. Afskriftir hækkuðu um tæp 6%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 396 m.kr., en 638 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 726 m.kr. en var 950 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 113 m.kr., en voru 117 m.kr. árið áður. Gengishagnaður var 1 m.kr. samanborið við 13 m.kr. gengistap árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 1 m.kr. en árið áður um 14 m.kr. Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 55 m.kr. en 101 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 230 m.kr. en 433 m.kr. árið áður. Minni hagnaður milli ára skýrist m.a. af lakari afkomu dótturfélaga og afurðahluta félagsins.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 724 m.kr. árið 2015 samanborið við 948 m.kr. árið 2014. Heildareignir Slátturfélagsins 31. desember 2015 voru 7.967 m.kr. og eiginfjárlutfall 53%, óbreytt frá fyrra ári. Veltufjárlutfall var 2,1 árið 2015, en 2,5 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 633 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 491 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 11 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 257 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 300 m.kr. og bifreiðum 76 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2015 var í aprílmánuði greiddur 11,0% arður af B-deild stofnsjóðs alls 20 m.kr. og reiknaðir 5% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 16 m.kr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundum í dag.

Slátturfélagið er skráð á First North hjá NASDAQ OMX. Viðurkenndir ráðgjafar félagsins (e. Certified Advisors) eru Ágúst H. Ólafsson og Árni Jón Árnason hjá Deloitte – first-north@deloitte.is. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri ársheilmings ársins 2016 þann 25. ágúst 2016.

Aðalfundur

Aðalfundur Slátturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 18. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 12% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 2%, alls 21,6 m.kr. eða 0,12 kr. á hvern útgefinn hlut og reiknaðir 5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 16,4 m.kr.



Staða og horfur

Afkoma Sláturfélagsins versnaði milli ára en erfið staða er á kjötmarkaði. Fjárhagsstaða félagsins er samt sem áður mjög sterk með 53% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,1. Árleg greiðslubyrði lána er lág miðað við greiðslugetu félagsins og skuldahlutfall lágt.

Áhrif af lokun á sölu kjöts til Rússlands og mikil verðlækkun á aukaafurðum og gærum hafði neikvæð áhrif á rekstur afurðahluta félagsins á árinu 2015. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram á árinu 2016.

Verkfall dýralækna á vordögum olli mikilli truflun og var afurðahluta félagsins kostnaðarsamt.

Staða lykilvörumerkja SS í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins á markaði góð. Samt sem áður er reiknað með að erfiðar markaðsaðstæður á kjötmarkaði hafi neikvæð áhrif á afkomu kjötiðnaðar á árinu.

Matvöruhloti innflutningsdeildar og búvöruhloti innflutningsdeildar er vaxandi í starfsemi félagsins. Sala á áburði, kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum bænda gengur vel og góð tækifæri til áframhaldandi vaxtar.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2016	18. mars 2016
Janúar – júní 2016 uppgjör	25. ágúst 2016
Júlí – desember 2016 uppgjör	16. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	17. mars 2017

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is